

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 28. janúar 2020 til íbúaráðs Kjalarness um framlagningu á lýsingu vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir Nesvík á Kjalarnesi.

Góðan dag,

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 8. janúar 2020 var lögð fram lýsing vegna gerð nýs deiliskipulags fyrir Nesvík á Kjalarnesi. Markmið skipulagsins er að byggja upp ferðapjónustu á svæðinu í samræmi við gildandi sérákvæði um svæðið í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Áformað er að reisa hótél með allt að 100 herbergjum, auk 12 stakstæðra húsa, þar sem hönnun og frágangur mannvirkja miðar að því að halda í staðaranda Nesvíkur og að mannvirkin falli sem best að landi.

Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 19. febrúar 2020.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa